

**Nd.**

**495. Breytingartillögur**

[181. mál]

við frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 13. gr. Aftan við 1. mgr. komi nýr málsl. sem hljóðar svo: Einnig er heimilt að flytja aflamark skips yfir á skip með sóknarmarki enda sé um að ræða skip sömu útgerðar eða skip sem gerð eru út frá sömu verstöð.
2. Við 14. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. sem orðist svo:  
Sé fyrirsjáanlegur afkomubrestur í byggðarlagi vegna fyrirhugaðrar skipasölu þáðan er ráðherra heimilt að undanþiggja allt að 20% þess aflamarks, sem sölunni á að fylgja samkvæmt ákvæðum 2. mgr., og ráðstafa þeim til annarra útgerðaraðila í byggðarlaginu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar.
3. Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:  
Alþingi skal kjósa níu manna nefnd til þess að endurskoða fyrirkomulag fiskveiðistjórnar að loknum gildistíma laga þessara. Nefndin skal hafa samráð við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og fiskiðnaði, svo sem fulltrúa útgerðar, fiskvinnslu, sjómanna og fiskvinnslufólks og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar. Nefndin skal m.a. taka afstöðu til eftirfarandi atriða:
  - \* Hvernig og hverjum veiðiheimildir skuli veittar. Meðal annars verði athugað hvort veiðiheimildir verði einvörðungu bundnar við skip.
  - \* Hvernig taka megi meira tillit til byggðasjónarmiða við mótun fiskveiðistefnu, auka athafnafrelsi og svigrúm til endurnýjunar í sjávarútvegi.
  - \* Hvers konar reglur skuli setja um færslu veiðiheimilda milli aðila.
  - \* Hve lengi meginreglur um stjórn fiskveiða skuli gilda.Nefndin skal einnig kanna áhrif laganna á afkomu og hagkvæmni í sjávarútvegi og skynsamlega nýtingu fiskstofna. Nefndin skal hefja störf hið allra fyrsta og starfa á gildistíma laganna. Skal hún skila fyrsta álitni eigi síðar en haustið 1989.
4. Á eftir ákvæði til bráðabirgða I komi nýtt ákvæði sem orðist svo:  
Á gildistíma laganna skal veita árlega a.m.k. þremur skipum, er komi í stað skipa er fórust á árunum 1983–1984, veiðileyfi sem sé meðaltal aflamarks skipa í sama stærðarflokki. Við val þeirra skipa, sem fá veiðileyfi samkvæmt þessu ákvæði, skal við það miðað að þau verði gerð út frá byggðarlögum þar sem sjávarútvegur er undirstaða atvinnulífs en afli hefur dregist saman vegna fækkunar skipa.